

**Ed.**

**546. Frumvarp til laga**

[265. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

b-liður 2. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 78/1974 var gert ráð fyrir, að myndaður yrði sérstakur sjóður af gengismun af sjávarvörubirgðum og ógreiddum útflutningi sjávarvöru vegna gengisbreytingarinnar 29. ágúst 1974. Í greinargerðinni var og gert ráð fyrir, að fénu skyldi ráðstafað í þágu sjávarútvegs og sjóða hans með sérstökum lögum. Þá var í greininni ákvæði um þrenns konar greiðslur, sem inntar skyldu af hendi af gengismun áður en til þessarar ráðstöfunar kæmi:

- a. Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1974, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
- b. Gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði laga nr. 18 frá 4. apríl 1972.
- c. Halli, sem verða kann vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa fram til 1. október 1974.“

Með þessu frumvarpi er lagt til, að b-liðurinn verði felldur niður. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að þörfin fyrir stuðning við útveginn er talin svo brýn, að framlög til hans hljóta að ganga fyrir öðru. Enda voru á Alþingi samþykkt lög í desember 1974, þar sem við ráðstöfun gengismunarfjár var reiknað með þessari meðferð. Fjárhæð sú, sem hér er um að tefla, var 393,3 millj. kr.

Gera má ráð fyrir, að gengismunur í heild, skv. lögum nr. 78/1974, verði um 1 800 millj. kr. og voru þar af innkomnar í byrjun apríl 1975 um 1 700 millj. kr. Áætlaðar greiðslur vegna liða a) og c) munu nema um 600 millj. kr. og verður því til ráðstöfunar um 1 200 millj. kr.

Í sambandi við þessa breytingu er nauðsynlegt að ákveða, hvornig farið skal með gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. síðasta málslíð 2. gr. laga nr. 72/1969, sbr. lög nr. 18/1972, þegar svo háttar, að innstæða í Verðjöfnunarsjóði er hærrí að fjárhæð en nemur hreinni gjaldeyriseign Seðlabankans. Um það flytur ríkisstjórnin sérstakt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 72/1960 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.